

Ísafjarðarbær
Guðmundur Rafn Kristjánsson
Hafnarstræti 1
400 ÍSAFJÖRÐUR

Garðabær, 12. desember 2023
Málsnúmer: 202311-0026
LA

Efni: Breyting á Aðalskipulagi vegna stækkun Mjólkárviðvirkjunar, afhending grænnar orku og ný bryggja við Borgarfjörð

Við er í tölvubréf frá Skipulagsgáttinni, dags. 14. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingatillögur á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2023 er varðar stækkun Mjólkárviðvirkjunar, afhending á rafeldsneyti og nýtt hafnarsvæði við Borgarfjörð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér vinnslutillögu aðalskipulagsbreytinga og hefur einnig unnið samhliða umsögn um breytingar á deiliskipulagi vegna stækkunar Mjólkárviðvirkjunar. Í þeirri umsögn kemur fram að áform um tiltölulega litla raforkuframleiðslu (0,5 MW) fela í sér umtalsvert rask á náttúrufari innan virkjanasvæðisins og frekari skerðingu á óbyggðum víðernum Glámu. Varðandi umhverfisáhrif virkjanaframkvæmda er vísað í þessa umsögn Náttúrufræðistofnunar.

Breytingatillögur Aðalskipulagi Ísafjarðar byggir á stækkun Mjólkárviðvirkjunar um 0,5 MW. Ráðgert er að koma upp bryggju, hafnaraðstöðu með birgðahúsum og þjónustusvæði fyrir ferðamenn. Aukin raforkuframleiðsla samhliða stækkun virkjunar á að nýta í framleiðslu rafeldsneytis (rafgreining vetnis) til afhendingar í báta og eins verður rafhleðslustöð sett upp við þjónustusvæði. Í tillögum er gerð grein fyrir nýju 6 ha iðnaðarsvæði (I45). Áform eru um að reisa þrjú 400 m² hús við hafnarsvæðið, 500 m² hús (hæð allt að 10 m) fyrir framleiðslu rafeldsneytis, geymslusvæði rafeldsneytis allt að 200 m² og afgreiðslusvæði allt að 3200 m². Í tillögunum er takmörkuð lýsing á nýrri þjónustubryggju, en gert er ráð fyrir tré- og flotbryggju, grjótgardi að utan- og innaverðu og um 1 ha viðlegu og athafnasvæði á milli þeirra.

Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Miklar ásýndarbreytingar verða á skipulagssvæðinu við uppbyggingu iðnaðarsvæðis við Borgarfjörð og stækkun virkjunar við Hólmsvatn og Tangavatn.

Þrátt fyrir að nýtt iðnaðarsvæði og bryggja verði staðsett á áður röskuðu svæði er mikilvægt að gera grein fyrir fuglum og sérstaklega lífríki í hafi utan við ströndina sem verður fyrir mestum áhrifum vegna framkvæmda. Í botni Borgarfjarðar eru leirur sem njóta sérstakrar verndar náttúruverndarlaga.

Allar tilgreindar breytingar á tillögunum kalla á mikla efnisþörf eða efnistöku sem þarf að gera mun betur grein fyrir í aðalskipulagi og eins áhrifum efnistökkunnar á jarðminjar og ásýnd skipulagssvæðisins.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.



Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

